

NES FRÉTTIR

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

JÚNÍ 2014 • 6. TBL. • 27. ÁRG.



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

**PANTAÐU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345



Heilsugæslan á Seltjarnarnesi mun flytja tímabundið upp í Landakot í haust.

Heilsugæslan flutt tímabundið í Landakot

Heilsugæslan á Seltjarnarnesi mun flytja tímabundið upp í Landakot í haust. Flutningurinn er vegna lagfæringa á húsnæði stöðvarinnar og aðstöðu hennar. Jónas Guðmundsson fjármálastjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins segir að á fundi á liðnu hausti þar sem lagfæringar á heilsugæslustöðinni voru til umfjöllunar hafi komið fram ábending um að laust pláss yrði í Landakotsspítalanum við Túngötu á komandi hausti.

Jónas segir að gert sé ráð fyrir að

lagfæringarnar taki um tíu mánuði enda sé um gagngerar endurbætur á húsnæðinu að ræða þar sem lagfæra eigi meðal annars og endurnýja allt lagnakerfi þess. Húsnæðið í Landakoti er talið henta vel fyrir starfsemi heilsugæslunnar þar sem um hefðbundið spítalaumhverfi er að ræða og því hafi þessi laus þótt hagkvæm þótt Seltirningar þurfi að fara inn yfir bæjarmörkin um tíma. Það eru Fasteignir ríkissjóðs og aðilar á þeirra vegum sem sjá um breytingarnar.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Slökkvitækjaþjónustan

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

græn heilsa

Ægisíða 121
Sími 551 1717

Opið alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímamann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórhur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Næg verkefni framundan

Nú að loknum sveitastjórnarkosningum getur bæjarstjórnin farið að bretta upp emmar og að snúa sér að hinum daglega rekstri bæjarfélagsins. Sú breyting hefur orðið á fulltrúatölu að Sjálfstæðismenn eru með fjóra bæjarfulltrúa á móti tveim úr Samfylkingu og einum af Neslista. Frá 1974 er búið að kjósa ellefu sinnum og Sjálfstæðismenn sem allan tímann hafa verið í meirihluta hafa verið sjö sinnum sinnum með fimm fulltrúa á móti tveimur og fjórum sinnum með fjóra fulltrúa á móti þremur. Bæjarstjórnarfundir hafa verið fremur átakalítir og menn almennt sammála um hvert skuli stefna. Rekstur bæjarins hefur gengið vel undanfarin ár og menn verið sáttir við útkomuna. Yfir 350 milljón króna afgangur var af rekstri bæjarfélagsins á síðasta ári sem var umfram væntingar.

Ýmislegt bíður nú ákvarðana og hugsanlegra framkvæmda. Eitt af því er hvort stækka eigi fimleikaaðstöðuna á Nesinu sem kostar umtalsverðar fjárhæðir. Einnig er talið að gervigrasið á fótboltavellinum, sem er átta ára gamalt sé farið að gefa sig og er kostnaður við endurnýjun þess talinn vera um 100 milljón króna framkvæmd. Í næstu framtíð þarf svo fara að huga að byggingu hjúkrunarheimils auk þess sem lagfæringar á gamla leikskólanum bíða eða jafnvel bygging nýs. Einnig þarf að finna því húsnæði sem byggt var yfir Lækningaminjasafnið nýtt hlutverk. Annaðhvort verður að selja húsið í því fohelda ástandi sem það er í eða bæjarfélagið komi með einhverju móti inn í rekstur þess. Þetta eru þau verkefni sem næsta bæjarstjórn þarf að glíma við ásamt mörgu öðru sem er áhugavert. Það eru næg verkefni framundan á Seltjarnarnesi.

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

Óvænt kosningaúrslit á Seltjarnarnesi

- Ýmist fimm og tveir eða fjórir og þrír

Listi Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi hlaut 52,5% prósent atkvæða í bæjarstjórnarkosningunum og fjóra menn kjörna. Listinn heldur því meirihluta sínum í bæjarstjórn en engu að síður er þetta talsvert lakari útkoma fyrir Sjálfstæðisflokkinn en skoðanakannanir höfðu gefið til kynna og minna kjörfylgi en flokkurinn hefur fengið í bæjarstjórnarkosningum um árabíl. Leita þarf aftur til ársins 1962 til að finna sambærilega útkomu í bæjarstjórnarkosningum á Seltjarnarnesi. Samfylkingin hlaut nú 29,4% atkvæða og tvo menn kjörna og Neslistinn 13,4% og einn mann kjörinn. Framsóknarflokkurinn hlaut 4,5% og engan mann kjörinn. Kjörsókn var 68,6%.

Sjálfstæðisflokkurinn mældist með 66% fylgi á Seltjarnarnesi í skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði skömmu fyrir kosningar og hefði fengið sex bæjarfulltrúa af sjö hefði það orðið niðurstöður kosninganna. Sjálfstæðisflokkurinn hefur um árabíl haft yfirburðastöðu í bæjarmálunum á Seltjarnarnesi og hefur nokkrum sinnum haft fimm bæjarfulltrúa á móti tveimur fulltrúum minnihlutans. Í síðustu bæjarstjórnarkosningum fékk Sjálfstæðisflokkurinn 58,2% atkvæða og fimm bæjarfulltrúa. Í ljósi þess og einnig skoðanakannanna verða úrslit kosninganna að teljast bæði óvænt og óvenjuleg. Þekkt er að mælist framboð með mjög mikið fylgi í skoðanakönnunum gangi það ekki eftir í hinum raunverulegu kosningum. Hugsanlegt er að kjósendur gerist værukærir og einnig að fólk finni lýðræðislega þörf hjá sér láta atkvæði dreifast meira. Bæjarmál á Seltjarnarnesi hafa verið fremur átakalítir í gegnum tíðina og voru áherslur allra framboðanna að þessu sinni nokkuð líkar – að breyta íbúapróun á Nesinu og gera bæjarfélagið eftir sóknarverðara fyrir ungt fólk og að efla skóla- og frístundamál og þjónustu við yngri borgarana. Í bæjarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokkinn verða Ásgerður Halldórsdóttir, Guðmundur Magnússon, Bjarni Torfi Álf-

þórsson og Sigrún Edda Jónsdóttir. Margrét Lind Ólafsdóttir og Guðmundur Ari Sigurjónsson verða fulltrúar Samfylkingarinnar og Árni Einarsson fyrir Neslistann.

Ýmist fimm og tveir eða fjórir og þrír

Fylgi bæjarmálaframboða hefur sveiflast nokkuð á undanföllum árum þótt ekki sé um stórar eða afgerandi sveiflur að ræða og hefur framboð sjálfstæðismanna jafnan haft fjóra eða fimm bæjarfulltrúa. Í kosningunum 2010 fékk D listinn 5 bæjarfulltrúa, Neslistinn einn og Samfylkingin einn en þá bauð sá flokkur í fyrsta skipti fram lista í eigin nafni. Í kosningunum 2008 var þetta hlutfall óbreytt. Sjálfstæðismenn voru með fimm bæjarfulltrúa og Neslistinn tvo en þá komu aðeins fram tvö framboð á Seltjarnarnesi. Árið 2002 voru hlutföllin fjórir fulltrúar sjálfstæðismann á móti þremur fulltrúum Neslista. Í kosningunum 1998 var staðan sú sama og 2004. Árið 1994 voru sjálfstæðismenn aftur á móti með fjóra bæjarfulltrúa á móti tveimur fulltrúum Neslistann en það var í fyrsta skipti sem Neslistinn bauð fram. Ef farið er lengra aftur í tímann eru hlutföll framboða til bæjarstjórnar á Seltjarnarnesi sambærileg við þessar fulltrúatölur.

Nesbúinn



Mætum öll í Bakkagarð
á 17. júní!

17. JÚNÍ
Í BAKKAGARÐI

Kl. 10-12 Bátasigling

Kl. 11.00 Hátíðarguðsþjónusta í Seltjarnarneskirkju

Kl. 13.00 Skrúðganga frá Mýrarhúsaskóla og gengið eftir Skólabraut í Bakkagarði

Bakkagarður 13.15 - 16.00

Ávarp frá formanni menningarnefndar Fjallkonan

Ástarsaga úr fjöllumum - Vinsælt söng- og leikatriði

Wally trúður sprellar

Brynjar Dagur Albertsson sigurvegari í Ísland got talent og félagar hans dansa

Jón Jónsson einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar treður upp

FUNK - Funheit gleði-, popp- og funksveit

SVEPPI KYNNIR OG HELDUR UPPI FJÖRINU ALLAN DAGINN

FRÍTT! Vatnaboltar

Raven Dance

Vísnaátur

Krakkahestar

Spákonutjald

Ókeypis í öll leiktæki

Tveir risa hoppukastalar

Trampólín og fleira

Andlitsmálun



Veitingasala, Candy Flos, Blöðrur, Kaffiveitingar, 17. júní nammi og dót

Kl. 20-22 Kvöldtónleikar í Bakkagarði

Sara Pétursdóttir sigurvegari í Söngkeppni framhaldsskólanna

Hljóm sveitin White Signal með Bjössu sax Hvítir hrafnar og Meistari Jakob

Ojba Rasta



SELTJARNARNESBÆR

Athugið að Suðurströnd verður lokað fyrir allri bílaumferð, nema strætó, frá Steinavör að Bakkavör frá kl. 13-16.



**Systur og bræður,
við erum 1 árs!**

SÉRSTAKUR OPNUNARTÍMI VERÐUR SUNNUDAG 15. JÚNÍ (Á AFMÆLISDAGINN) FRÁ 11 – 15. HEFJUM MORGUNINN MEÐ SAMFLOTI Í SUNDLAUG SELTJARNARNESS KL. 9 F.H. ALLIR VELKOMNIR.

Í tilefni þess fögnum við ákaft og bjóðum

25% afslátt af eftirfarandi eðliverum frá 12. – 18. júní:



HIGHER LIVING TE - UPPÁHALD FLESTRA!
Dásamlega lífræn og bragðgóð, bæði heit og köld.



VIRIDIAN BÆTIEFNALÍNA SYSTRA!
Framúrskarandi hrein og ómenguð virkni. Engin "nastís".



DR. BRONNER - STÓRKOSTLEGU SÁPURNAR!
Handa þér og þínum, þvottavélinni og heimilinu. Þú mátt borða þær (ekki gera það samt).



SÓLEY ORGANICS - ER SYSTIR OKKAR!
Hágæða lífrænar húðsnyrtivörur sem byggja á aldagamalli hefð. Sóley er systir okkar í anda.



PACIFICA - VINSÆLUSTU NÁTTÚRUILMIR VERALDAR!
Fást hjá systurum í formi roll-on og nú líka í vaxi. Fullkomlega vegan.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 5116367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar
Laugardagar

9 - 18
10 - 16

Vistvænt og samhent samfélag

Umhverfisstefna Seltjarnarnesbæjar er komin út og var henni dreift með Fréttablaðinu á hvert heimili á Seltjarnarnesi á dögunum. Þar er fjallað um áherslu sveitarfélagsins til umhverfis og sjálfbærni til næstu ára.

Umhverfisstefnan var unnin í kjölfar íbúðapings sem boðað var til í febrúar á síðasta ári undir yfirskriftinni Seltjarnarnes – Vistvænt og samhent samfélag. Í stefnunni er komið inn á umhverfisfræðslu og menntun, skipulagsmál, varðveislu lífríkis, náttúrugæða og menningarverðmæta, sorphirðu og fráveitu, loft-, ljós- og hávaðamengun og staðardagskrá 21 sem Seltjarnarnesbær hefur staðfest.



Myndin var tekin af heimsókn 10. bekkinga í Hitaveitu Seltjarnarness fyrir skömmu.

Tíundubekkinga fá árskort í sund

Tíundu bekkingar á Seltjarnarnesi fá nú árskort í sundlaug Seltjarnarness. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri bauð af því tilefni nemendum í 10. bekk Valhúsaskóla nýverið að skoða og kynnast Hitaveitu Seltjarnarness.

Borholurnar við Snoppu og Bygggarða voru skoðaðar og þaðan lá leið að hitaveitustöðinni að Lindarbraut þar sem boðið var upp á veitingar. Að því loknu afhenti Hitaveita Seltjarnarness öllum 10. bekkjar nemum árskort í Sundlaug Seltjarnarness, sem á eflaust eftir að koma sér vel þegar skólanum sleppir. Þess má geta að efnasamsetning heita vatnsins á Seltjarnar-

nesi þykir alveg einstök og hefur verið líkt við það sem finna má í bestu heilsuþöðum víða um heim. Ásgerður segir langt sé frá því að allir íbúar höfuðborgarsvæðisins geri sér grein fyrir því að Seltjarnarnesbær reki eigin hitaveitu. „Hitaveitan hefur verið starfrækt í rúm 40 ár eða allt frá árinu 1972 og unnið heitt vatn á eigin landi á sjálfbærnan og umhverfisvænan hátt. Því er ekki verið að ganga á auðlindina og mun hún nýtast íbúum Seltjarnarness á komandi áratugum. Af mörgum eru þessi náttúrugæði talin vera gullnáma bæjarfélagsins,“ segir Ásgerður.



Stuttmyndakeppnin var spennandi

Hin árlega stuttmyndakeppni í Mýró var hörd í ár. Dómarar voru Sveppi og Elísabet Brekkan. Myndin Bölvun hringsins varð í 1. sæti en þær Thelma Rut Elíasdóttir og Margrét Birta Björgúlfssdóttir úr 5. bekk áttu þá mynd.

Thelma var einnig valin besta

leikkona í aðalhlutverki en Selma Katrín Ragnarsdóttir besta leikkona í aukahlutverki. Besti leikari í aðalhlutverki var valinn Bergur Orri Magnússon en besta leikari í aukahlutverki var Stefán Gylfason. Bestu leikstjórar voru Ari Hallgrímsson og Killian G.E. Briansson.

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

SUMARNÁMSKEIÐ LEYNILEIKHÚSSINS Í TJARNARBÍÓ!!

SKRÁNING Á WWW.LEYNILEIKHUSID.IS



Almenn leiklistarnámskeið fyrir 7-15 ára og söngleikjanámskeið fyrir 11-16 ára. Öll námskeiðin eru hálfur dagur, eina viku í senn og fara fram í Tjarnarbíói í júlí.

Nánari upplýsingar á www.leyrnileikhusid.is og info@leyrnileikhusid.is



- LEIKGLEÐI!!
- Spuni
- Tjáning
- Sjálfstraust
- Samvinna
- Götuleikhús
- Söngur og dans



ALLT FYRIR GÆLUDÝRIN
Í BYKO GRANDA!



Vnr. 42373861
Hundabúr, svart járn,
60x43x51 cm.

8.995 kr.



10 KG

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA
VERÐ**

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGÐU MINNA.

Vnr. 42331803
Hundamat, 10 kg.

2.695 kr.

Vnr. 42335269
Ól 40-55 cm, 20 mm.

995 kr.



Vnr. 42335266
Beisli, 35x50 cm.

1.295 kr.



Vnr. 42373791
Stálskál.

1.295 kr.



Vnr. 42373788
Leikfang.

395 kr.



Vnr. 42373329
Áhaldasett, 4 stk.

1.595 kr.



Vnr. 42335267
Taumur, 1 m, 20 mm.

1.395 kr.



JOSERA hágæða fóður, hefur mjög hátt kjöthlutfall. Kjötíð er 100% rekjanlegt frá sláturhúsi og er hæft til manneldis. JOSERA notar ekki hveíti, soja, mjólkurvörur eða sykurlar í sínum vörum og þær eru framléiddar án litar-, bragð- og rotvarnarefna.



facebook.com/BYKO.is

Fanney heimsmeistari í kraftlyftingum

Fanney Hauksdóttir tryggði sér heimsmeistaratitil unglunga í bekkpressu í -63 kg. flokki á heimsmeistaramótinu í bekkpressu sem fór fram í Röðby í Danmörku fyrir skömmu. Fanney vann yfirburðarsigur því hún lyfti 135 kílóum sem er 15 kílóum meiri þyngd, en sú sem lenti í öðru sætinu lyfti sem voru 120 kíló. Fyrir mótið átti Fanney best 115 kg. Fanney varð Íslandsmeistari í greininni fyrir á þessu ári og er Norðurlandameistari unglunga.

Þetta var í annað skiptið sem Fanney keppir á heimsmeistaramóti eftir að hún hóf að æfa kraftlyftingar fyrir þremur árum með Kraftlyftingadeild Gróttu. Hún náði lágmarki á síðasta ári til þess að komast á heimsmeistaramótið og á Evrópumótið. Hún valdi heimsmeistaramótið og lenti í fjórða sæti en þar sem einn keppandi var dæmdur úr leik endaði hún í því þriðja. „Það þýddi að ég komst ekki á pall. Þær væntingar sem ég tók með mér núna voru að komast á pallinn.“




„Því fylgir alveg sérstök tilfinning að sigra,“ segir Fanney sem þarna stendur á verðlaunapallinum í Röðby.

Því fylgir alveg sérstök tilfinning að sigra – nei ég var ekki alveg að hugsa um það þótt allt gæti auðvitað gerst,“ segir Fanney.

Pabbi er aðstoðarmaður minn

Fanney kveðst hafa sérhæft sig í bekkpressunni en þar er um að ræða lyftingar úr láréttri stöðu. „Ég hef líka prufað hinar greinarnar tvær, bæði hnébeygjuna og einnig lyftingar úr lóðréttri stöðu en endirinn varð að ég valdi bekkpressuna.“ En hvernig byrjaði lyftingafæril Fanneyjar sem kemur úr mikilli íþróttaáhuga fjölskyldu af Seltjarnarnesi. „Ég stundaði fimleika um árabíl en þurfti að hætta vegna bakmeiðsla. Ég fór að stunda ræktina til að halda mér í formi og fór upp úr því að blandast inn í kraftlyftingarnar. Kraftlyftingar eru góð alhliða hreyfing fyrir líkamann, en hver sem er getur stundað lyftingar. Ég var



„Pabbi hefur alltaf verið aðstoðarmaður minn,“ segir Fanney sem þarna er með föður sínum Hauki Geirmundssyni.

ekki og er ekki undir neinni pressu þótt fjölskylda mín styðji mig í hvívetna. Þegar maður skráir sig á mót þarf maður að skrá aðstoðarmann og pabbi hefur alltaf verið aðstoðarmaður minn. Hann fór með mér til Litháen í fyrra og svo til Danmerkur nú í vor þannig að hann er ekki langt undan en hann er ekkert að þrýsta mér áfram. Hann aðstoðar mig bara.“

Gott að fara á æfingu eftir skólann

Fanney segir mikinn undirbúning fylgja þátttöku í mótum af þessu tagi. „Ég og Ingimundur Björgvinsson þjálfari minn unnum í því saman. Mestu skipti að hugsa vel um líkamann og að meiðast ekki. Svo verður að gæta vel að mataræðinu. Borða vel og hollan mat. Ég borða nú eiginlega allan mat, en auðvitað verður allt að vera í ákveðnu hófi.“ Fanney segir mikinn tíma fara í lyftingarnar en þær rekist ekki sérstaklega á dagleg störf en hún stundar nám í heilbrigðisverkfræði við Háskólann í Reykjavík. „Mér finnst gott að fara á æfingu eftir skólann. Ég get eiginlega ekki beðið með það. Maður skiptir alveg um veröld. Þetta er allt önnur einbeiting og maður slakar á frá krefjandi náminu. Ég eyði heldur ekki miklum tíma á Facebook eða samskiptamiðlum. Svo bý ég enn heima og er þannig undir verndarvæng foreldra minni.“ Fanney kveðst þó hugsa sér að stofna heimili í framtíðinni. „Ég er bara ekki komin það langt enn. Ég hef það ákaflega gott heima og svo er erfitt að stofna heimili í dag alla vega á meðan maður er í námi. Spurningin er um að verja titilinn og ég verð strax að fara að einbeita mér að því og undirbúa mig. Nei – það er ekkert frí framundan,“ segir þessi afrekskona af Seltjarnarnesi.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlhlið 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is



Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Nesstofa - Hús og saga -

Ný sýning í Nesstofu sem fjallar um húsið og landlækniseimbættið sem stofnað var árið 1760.

Opið daglega frá
14. júní - 31. ágúst
kl. 13-17.

Nesstofa er hluti af húsasafni
Þjóðminjasafns Íslands.

Nánari upplýsingar:
í síma 595 9100 eða 530 2200
www.thjodminjasafn.is



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Saga lækninga, lyfsölu og Nesstofu í Þjóðminjasafninu

Nesstofa hús og saga er heiti sýningar sem Þjóðminjasafnið efnir nú til. Bryndís Sverrisdóttir kynningarstjóri Þjóðminjasafnsins segir að eins og nafnið bendi til sé áhersla sýningarinnar á húsið sjálft annars vegar og hins vegar á sögu þess. „Húsið er byggt á árunum 1760 til 1763 og var það aðsetur landlæknis, Bjarna Pálssonar, sem var fyrstur Íslendinga til að ljúka lækniþrófi. Bjarni var jafnframt fyrsti lyfsali landsins. Hann var giftur Rannveigu Skúladóttur Magnússonar fögeeta og þau áttu fjögur börn,“ segir Bryndís.

Talið er að búseta hafi hafist í Nesi fljótlega eftir landnám en skriflegar heimildir eru takmarkaðar. Þó er vitað til þess að kirkja var risin í Nesi árið 1200 og að jörðin hafi þá verið í tölu stórbýla. Árið 1760 hófust dönsk stjórnvöld handa við að reisa Nesstofu sem opinberan embættisbústað landlæknis. Landlæknir valdi sjálfur staðinn en hafði úr nokkrum stöðum að velja. Ástæður þess að Nes var valið voru einkum þær að jörðin var talin vel í sveit sett, samgöngur af hafi góðar og þéttbýlt meðfram allri ströndinni.

Nesjörðinni skipt

Lyfsalan var skilin frá landlæknisembættinu um einum og hálfum áratug eftir að starfsemin hófst í Nesi eða árið 1777 og tók Björn Jónsson þá við embætti lyfsala. Húsinu og jörðinni var þá einnig skipt á milli fjölskyldna læknisins og lyfsalans og hélst sú skipting á meðan embættin störfuðu á Seltjarnarnesi en þau voru flutt til Reykjavíkur árið 1834. Eftir það komst Nesstofa í einkaeigu þar til hún komst í umsjá Þjóðminjasafnsins árið 1977. Þess má geta að búið var í húsinu fram til 1997.

Apótek í 239 ár

Apótekarar í Nesi ráku lyfjabúð og kenndu jafnframt lyfjafræðinemum, sem tóku lokapróf sitt í Kaupmannahöfn. Nesapótek eða landlæknisapótekið varð síðan að Reykjavíkurapóteki sem var stofnað árið 1834 og starfaði í Miðborg Reykjavíkur allt til ársins 1999 að það var lagt niður. Þetta elsta apótek á Íslandi hafði því aðeins verið á tveimur stöðum í öll þau 239 ár sem það starfaði. Urtagarðurinn í Nesi var hluti af starfsemi lyfsölnunnar í Nesi. Jurtir í öll lyf voru ræktaðar í



urtagarðinum er garðurinn var sunnan við húsið. Efnin voru ýmist möluð, steytt, marin, söxuð eða rifin. Samkvæmt konungsboði var skylt að veita fátæklingum ókeypis lyf. Urtagarðurinn var endurgerður austan við húsið árið 2008. Á sýningunni er sagt frá byggingarsögu hússins, stofnun landlæknisembættis og embættis lyfsala. Auk þess er sagt frá 18. öldinni, sem var öld upplýsingarinnar þegar fólk fór að átta sig á því að hreinlæti, hollusta og umhverfi skiptu máli fyrir líðan fólks. Sýningin verður opin alla daga kl. 13 til 17 frá 14. júní til 14. ágúst.

IDUNNARREITUR

Vel skipulagðar 2 - 5 herbergja íbúðir á frábærum stað á Seltjarnarnesi

Fjölskylduvænar íbúðir

Afhending
haust 2015

Skjerjabraut 1 - 3

Verð frá: 26,9 millj.



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

miklaborg.is

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG

Með þér alla leið



Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason, Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307

569 7000

Viðtal við Garðar Jóhannsson

Nesskip í 40 ár

Nesskip er 40 ára um þessar mundir en félagið var stofnað sem skipafélag 27. janúar 1974. Að stofnun þess stóð hópur áhugamanna um stórflutninga og á engan er last borið þótt nafns Guðmundar Ásgeirssonar sé getið en hann var einn stofnendanna og stýrði félaginu í áratugi og helgadi því stóran hluta af starfsævi sinni. Fyrsta skip félagsins var keypt í Finnlandi þann 1. febrúar 1974 og fékk nafnið Suðurland en annað skip var síðan keypt tveimur árum síðar og var nefnt Vesturland. Síðar voru skipin Ísnes og Selnes keypt. Það síðara árið 1979. Félagið átti í samkeppni við stóru skipafélögin sem þá voru hlutar af valdablokkunum í samfélaginu en engu að síður tókst tólfmenningunum sem stóðu að stofnun félagsins að styrkja stöðu þess undir forystu Guðmundar. Í dag rekur félagið ekki sjálft eigin skip en leigir þau að mestu frá aðaleiganda sínum sem er skipafélagið Wilson í Bergen í Noregi en það keypti meirihluta hlutfjár í Nesskipum árið 2006. Guðmundur Ásgeirsson stýrði Nesskipum til ársins 2004 er hann lét af framkvæmdastjórn. Garðar Jóhannsson tók þá við stjórnartumum og hefur stýrt félaginu síðan. Nesfréttir spjölluðu við Garðar á dögnum í tilefni af 40 ára afmælinu.

Garðar hefur búið á Seltjarnarnesi um nokkurt skeið en er Vesturbæingur að ætt og uppruna. „Ég bjó í Vesturbænum og hef síðan búið á Seltjarnarnesi fyrir utan nokkurn tíma sem við bjuggum úti á landi og erlendis. Ég hef alltaf verið tengdur sjónum. Hann heillaði mig snemma og ég fór fyrst til sjós 15 ára gamall, yngri hékk ég gjarnan í kringum grásleppukarlana við Ægissíðu og fékk að róa af og til með Jóni Sigurðssyni í Görðum og seldi grásleppu og rauðmaga á blómatorginu svokallaða á horni Hringbrautar og Birkimels. KR svæðið og KR heimilið voru mér líka sem annað heimili á mínum yngri árum. Fyrst fótbolti og körfubolti þar til körfuboltinn tók alfarið við. Þar fór ég í gegnum alla yngri flokka KR og spilaði um 200 leiki með meistara-flokki félagsins auk landsleikja og unglingslandsleikja. Það er í mér eins og svo mörgum öðrum stórt KR hjarta og ég er í hópi þeirra fjölmörgu sem standa í þakkar-skuld við félagið. Þegar kom að því



Nesararnir hjá Nesskipum. Frá vinstri Garðar Jóhannsson, Már Gunnarsson og Sigrún Fjeldsted.

að velja framhaldsnám varð Stýri-mannaskólinn fyrir valinu þaðan sem ég lauk farmannaprófi vorið 1981. Næstu tvö árin var ég á sjón-um. Starfaði sem stýrimaður hjá Eimskip og hjá Landhelgisgæslunni en fór þá til starfa á skrifstofu Eim-skips. Það átti eftir að reynast mér mikið happaspor. Ég fór til fram-haldnáms í London 1985 þar sem ég stundaði nám í skipamiðlun og flutningafræði um eins árs skeið. Ég hef því starfað í flutningageiranum nánast allan minn starfsaldur eða í rúma þrjú áratugi. Um tvo ára-tugi hjá Eimskip þar sem fjölmörg tækifæri og verkefni buðust. Fyrir utan að starfa við og veita forstöðu ýmsum flutningadeildum Eimskips í Reykjavík var ég forstöðumaður fyrir Eimskip á Akureyri á árunum 1996 til 1998. Eftir það fórum við fjölskyldan til Englands þar sem ég starfaði sem framkvæmdastjóri Eimskip UK í um fimm ár. Eftir það stýrði ég utanlandssviði Eimskips í um eitt ár áður en ég færði mig yfir til Nesskipa í febrúar árið 2004. Með því var ég algerlega kominn á Nesið vegna þess að við fluttum fyrst þangað 1992 og nú störfum við hjónin bæði í bæjarfélaginu. Konan mína Laufey Björnsdóttir er skólari-ri í Mýrarhútaskóla.

Hér er svo stutt í allt

Garðar segir þau hjónin kunna afskaplega vel við sig á Seltjarnarnesi. „Krakkarnir hafa líka notið þess að alast upp hér. Þau hafa stundað skólagönguna á Seltjarnarnesi þar til kom að framhaldsskóla. Einn af bestu kostunum við að alast upp á Seltjarnarnesi er hversu stutt er í allt. Smá spölur að labba í skólann, í íþróttir, tómstundir og annað sem krakkar vilja taka sér fyrir hendur. Svo get ég líka nefnt að stundum mínum á golfvöllinum fjölgar stöðugt.“ Talið berst nánar að golfvöllinum og þeim möguleikum sem fylgja honum fyrir íþróttamennsku og útivist á Seltjarnarnesi. Garðar segir golfvöllinn hafa mikið aðdráttarafli og hann sé ákveðinn samfélagslegur miðpunktur fyrir Seltjarnarnes og Vesturbæ Reykjavíkur. „Vesturbæingar koma mikið út á Nes til þess að spila golf og þetta er góður félagskapur. Vandinn er sá að völlurinn er of lítill og nauðsynlegt að stækka hann. Við vitum að landleysi háir okkur en ég tel að með lagni megi stækka hann í 12 eða jafnvel 14 holu völl án þess að raska umhverfinu að neinu marki. Ég held að það kunnist að vera langsótt að kom upp 18 holu velli

en 12 til 14 holu völlum myndi bæta það ástand sem nú er til muna. Ég veit að það hefur verið andstaða við að hrófla við nokkru þarna út á nesinu en ég held að tíminn muni vinna með okkur að þessu leiti.

Samfelld saga

Saga Nesskipa er samfelld í fjóra áratugi og félagið hefur verið staðsett á Seltjarnarnesi frá árinu 1982 eða í meira en þrjú áratugi. Garðar kveðst hafa tekið við góðu búi af Guðmundi Ásgeirssyni og félögum hans. „Hann rak fyrirtækið af stakri ráðdeildarsemi alla tíð. Hér hefur löngum verið stöðugleiki í starfsmannamálum og gott fólk valist til starfa. Við getum glaðst yfir því í dag að þessi sami andi svífur hér enn yfir vötnum og við erum stolt yfir því að Nesskip skuli hafa starf-að á sömu kennitölunni frá upphafi.“ Garðar segir að vissulega hafi margt breyst á þessum árum enda margvíslegar breytingar orðið í flutningastarfseminni og einnig í því markaðsumhverfi þar sem atvinnugreinin starfar. „Eitt af því sem einkennir Nesskip er að við höfum alltaf haldið okkur við þá kjarnastarfsemi sem efnt var til í upphafi. Félagið var stofnað til þess

að sinna því sem kalla má stórflutninga en það eru flutningar á heilförmum. Við höfum fram til þessa ekki farið út í gámaflutninga eða áætlanasiglingar að neinu marki heldur einbeitt okkur að stórflutningunum þar sem flutningarnir eru að miklu leiti hráefni til iðnaðar og stjórðiju auk ýmiss útflutnings. Þessir stórflutningar eru annar hlutinn af kjarnastarfsemi okkar.“

Eigendurnir vildu fara að minnka við sig

Nesskip var að mestu í eigu sömu aðila frá byrjun eða þar til að norska skipafélagið Wilson í Bergen eignaðist meirihluta hlutafjár í félaginu. „Já – eigendahópurinn hélt að mestu óbreyttur í gegnum tíðina. Menn eltust og að því kom að einhverjir eigendanna vildu fara að draga sig í hlé og í framhaldi af því varð þessi breyting á eignarhaldinu. Ástæða þess að Wilson kom inn í myndina var sú að félögin höfðu átt gott samstarf um langt skeið. Þetta samstarf má rekja aftur til þess að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga, síðar Elkem var reist á Grundartanga. Nesskip hóf flutninga fyrir járnblendiverksmiðjuna árið 1979 og hefur það samstarf haldist allar götur síðan.

Garðar segir að flutningarnir hafi ekki einöngu breyst heldur hafi allt eignarhald og rekstur skipa einnig tekið miklum breytingum. „Skip ganga kaupum og sölum á mörkuðum eins og hver önnur vara og eru leigð á milli félaga.“ Garðar segir að breytingar á eignarhaldi Nesskippa hafi leitt til þeirrar breytingar á starfsemi félagsins að skip þess hafi alfarið færst inn í skipaflota Wilson sem telji nú um 115 flutningaskip. „Í stað þess að reka eigin skip tókum við skip út úr þessum flota til okkar flutningaþarfa á hverjum tíma.“ Algengustu skipastærðirnar sem við erum að vinna með í okkar flutningum eru á bilinu 2.000-8.000 tonn.

Um 800 þúsund tonn og 500 hafnir

„Ef við komum aðeins inn á umsvif okkar,“ heldur Garðar áfram „þá fluttum við sem farmflytjendur eða skipamiðlarar um 800 þúsund tonn af vörum á síðasta ári og skip á vegum félagsins höfðu viðkomu í um það bil 500 höfnum á Íslandi á sama tíma sem er nokkru meira en ein viðkoma að jafnaði á dag. Mestur hluti flutninga okkar fer um suðvestur hornið og á starfsemi Elkem stærstan þátt í því en við sinnum ýmsum öðrum flutningum á borð við fiskimjöl, lýsi, fódur, brotajárn, vikur og salt. Við flytjum stóran part þess fiski- og götusalts sem hingað er flutt og kemur það einkum frá Túnis og Spáni. Ég get einnig nefnt vikur sem við flytjum utan til bæði Evrópu og Ameríku, fódur og áburð í miklu magni en það er árstíðabundinn flutningur. Við flytjum lýsi sem verður til í bræðslunum hér á landi utan og það er flutt í sérstökum þar



Flutningaskipið Wilson North, flaggskip Nesskippa og Wilson. Burðargeta 8.300 tonn.



Gr Leader: Umboðsþjónusta við súrálsskip er ríkur þáttur í starfsemi Nesskippa

til gerðum tankskipum sem við höfum aðgang að frá norsku samstarfsfélagi okkar. Þá er flutningur á fiskimjöli og brotamálum ríkur þáttur í okkar starfsemi. Þá sinnum við alltaf með reglulegu millibili svokölluður „project“ flutningum sem þá tengjast einkum einstökum verkefnum eða framkvæmdum.

Umboðsþjónusta fyrir erlend skip

Garðar vikur að hinum kjarnaþættinum í starfsemi Nesskippa sem einkum snýr að umboðsþjónustu fyrir erlend skip sem koma hingað á eigin vegum. „Við störfum mikið við þjónustu við erlend skip sem koma hingað vegna vöruflutninga óháð því hvort þau koma hér á okkar vegum. Í þessu sambandi get ég nefnt uppsjávarfiskinn og súrálið fyrir álverin sérstaklega. Við erum ekki að flytja þetta sjálf en önnur á hinn bóginn ýmsa þjónustu við þessi skip, eigendur þeirra og leigutaka. Aðrir þættir í þessu sem nefna má eru erlend fiskiskip, rannsóknaskip og skemmtiferðaskip.

Sjáum tækifæri í kísilverunum

En hvernig lítur Garðar sem stýrir fjögurra áratuga gömlu flutningafyrirtæki til framtíðarinnar. Hann er bjartsýnn. „Já – ég er bjartsýn og lít björtum augum til framtíðarinnar með rekst-



Happy Ranger: Sérhæft þungaflutningaskip við Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði við upphaf álversframkvæmda.



Þjónusta við sjávarafurðir einkum uppsjávarfisk í frystiskipum er hluti af starfsemi Nesskippa

ur Nesskippa í huga. Við munum áfram hlúa að okkar kjarnastarfsemi og styðja við þá flutninga sem við höfum í dag. Við höfum jafnframt allan styrk til þess að takast þar á við ný verkefni og/eða færa út kvíarnar með öðrum hætti. Fyrirtækið er fjárhagslega sterkt og með traust bakland. Tilkoma kísilveranna sem unnið er að koma á fót hér á landi fellur t.d. vel að starfsemi okkar. Aðspurður um möguleg tækifæri Nesskippa í tengslum við olíuleit á Drekasvæðinu og hina svokölluðu norð-austur siglingaleið segir Garðar áhugavert að fylgjast með umræðu og framgangi þeirra mála. Vel megi vera að tækifæri felist að ákveðnu marki fyrir Nesskip t.d. í tengslum við Drekasvæðið. Á hinn bóginn sé hann ákveðið hugsi yfir því hversu frjállega menn tali um möguleika Íslands til þess að verða miðstöð umskipunar vöruflutninga á milli Evrópu og Asíu um hina nýju siglingaleið verði hún að veruleika. Garðar segist ekki viss um að landfræðileg lega Íslands sé það tromp sem margir telji, umhverfismál á norðurslóðum eru vanmetinn þáttur í umræðunni, margvíslegir nýir kostnaðarþættir munu vega á móti styttri siglingatíma svo og þeir háþróðu innviðir og umgjörð núverandi fyrirkomulags hvort heldur gagnvart hafntengdri starfsemi eða flutningakerfum.

16 ára reynsla og þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



RE/MAX
LIND

Fyrsti atvinnumaður Gróttu



Pétur Steinn Þorsteinsson.

Gróttumaðurinn Pétur Steinn Þorsteinsson er fluttur til Stokkholms þar sem hann hefur skrifað undir samning við sænska stórliðið AIK. Pétur Steinn, sem verður 17 ára í júlí, er fyrsti knattspyrnumaðurinn úr unglíngastarfi Gróttu sem kemst á atvinnumannasamning erlendis en fréttamaður Nesfrétta spjallaði við kappann áður en hann flaug utan í byrjun júní.

“Ólafur Garðarsson umboðsmaðurinn minn sagði AIK frá mér og í kjölfarið var mér boðið til Stokkholms á reynslu í apríl. Þeim leist vel á mig og mér var boðinn samningur eftir að hafa farið aftur út í má” segir Pétur Steinn þegar hann er spurður að því hvernig áhugi sænska stórliðsins á honum kviknaði. Pétur bjó fyrstu ár ævi sinnar í Bandaríkjunum en ungur flutti hann á Nesið og byrjaði að æfa fótbolta með Gróttu. Hann varð strax mjög áhugasamur og segir að það hafi verið draumur hans svo lengi sem hann man að verða atvinnumaður í fótbolta. Pétur spilaði upp alla yngri flokkana með Gróttu en hann á einnig á að baki 10 leiki fyrir U-17 ára landslið Íslands.

Pétur Steinn var boðaður á sínar fyrstu meistaraflokksæfingar vor- ið 2013 en hann hefur nú leikið 13 deildar- og bikarleiki fyrir Gróttu. “Reynslan með meistaraflokki hjálpaði mér gríðarlega mikið. Það er allt öðruvísi að spila á móti þyngri og sterkari gaurum því þá þarf maður að vera fljótur að hugsa áður en maður er keyrður niður. Þegar ég fór svo aftur að spila móti strákum á sama aldri og ég, eins og á landsliðsæfingum, þá hafði maður mikið meira sjálfstraust en áður.”

Pétur Steinn verður fyrsti atvinnumaður Gróttu í fótbolta. Við spyrjum Seltirninginn unga hvort hann hafi trú á að fleiri Gróttustrákar- eða stelpur muni fylgja í hans spor á komandi árum: “Ég hef mikla trú á því. Það er fullt af efnilegum krökkum að koma upp úr yngri flokkunum hjá Gróttu og það hefur sýnt sig að stór félög eru að taka eftir því sem er að gerast hjá okkur. Gróttu er með frábæra aðstöðu til að byggja upp góða leikmenn og félagið gerði mig að þeim leikmanni sem ég er í dag” segir glaðbeittur Pétur Steinn sem nú er farinn til Svíþjóðar á vit nýrra áskoranna.

UMHVERFISHORNID

Minningargjöf



Þann 31. maí sl. færðu afkomendur Eyjólf E. Kolbeins bæjarbúum þetta fallega nestisborð til minningar um Eyjólf. Eyjólfur var fæddur að Bygggördum og bjó þar, en síðar á Kolbeinsstöðum og Túni. Eyjólfur hefði orðið 85 ára 31. maí 2014 en rúm 100 ár eru síðan fjölskyldan settist að á Seltjarnarnesi. Ættingjar Eyjólf E. létu setja minningarskjöld á borðið. Borðið er staðsett við Bygggarða, rétt við gangstíg. Eftir afhendinguna var boðið upp á heitt súkkulaði og kleinur. Þökkum við Seltirningar kærlega þessa höfðinglegu gjöf. Framtak þetta verður að telja afar skemmtilegt en víða, bæði hér- og erlendis, er unnt að finna hluti í almannarýmum, til að mynda bekki, sem fólk hefur gefið til minningar um ættingja eða vini. Á myndinni má sjá Ernu Kristinsdóttur ekkju Eyjólf E. ásamt Ásgerði bæjarstjóra og hluta þeirra sem voru viðstaddir.



Viðurkenningar

4. júní sl. var útskrift nema í 10. bekk Valhúsaskóla. Að venju veitti umhverfisnefnd Seltjarnarness þrenn bókaverðlaun fyrir frábæran árangur í náttúrufræðum. Að þessu sinni hlutu Elín Helga Lárusdóttir, Sveinn Þórarinnsson og Eva Kolbrún Kolbeins viðurkenningu.

Óskar umhverfisnefnd Seltjarnarness þeim innilega til hamingju með frábæran árangur.

F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir formaður

LEGSTEINAR

MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

Við eigum erindi við bæjarbúa

Samfylkingin á Seltjarnarnesi þakkar stuðninginn í liðnum sveitarstjórnar- kosningum. Það eru gleðileg tíðindi að fylgi flokksins skyldi vera tæp þrjátíu prósent þvert á allar kosningarspár. Samfylkingin á Seltjarnarnesi á nú tvo fulltrúa í bæjarstjórn sem styrkir stöðu okkar sem um munar og tryggir jafnaðarstefnunni aukin sess innan bæjarstjórnar Seltjarnarness. Niðurstaða kosninganna sýnir einnig að Samfylkingin á Seltjarnarnesi á erindi við bæjarbúa og við þökkum það traust sem okkur hefur verið sýnt. Í Samfylkingunni á Seltjarnarnesi er breiður hópur fólks sem leggur áherslu á að vinna með hag allra bæjarbúa og koma þeim málefnum sem við höfum lagt áherslu á dagskrá. Til þess að svo geti orðið þurfum við stuðning

bæjarbúa og við hvetjum alla Seltirninga að vera virkir þátttakendur og þannig efla íbúalýðræðið í bænum. Við viljum gera Seltjarnarnes að enn betra bæjarfélagi með velferð allra bæjarbúa í fyrirrúmi, þar sem fjölbreytni, margbreytileiki og umhyggja fyrir náttúrunni ræður ríkjum. Samfylkingin á Seltjarnarnesi mun gera sitt allra besta á komandi kjörtímabili til þess að skapa enn betra velferðarsamfélag á Seltjarnarnesi þar sem áhersla er lögð á jafnrétti, jöfn tækifæri til náms og þroska, heiðarleg samskipti og lýðræðisleg vinnubrögð. Við hlökkum til að vinna í þágu Seltirninga næstu fjögur árin og takast á við þau fjölbreyttu og skemmtilegu verkefni sem bíða okkar.

Margrét Lind Ólafsdóttir.

Jónsmessuganga með afmælisívafi og eldgleypi

Jónsmessugangan á Seltjarnarnesi, þriðjudaginn 24. júní verður með hátíðarbrag en þá verður gengið á milli stofnana sem fagna stórafmæli á árinu rétt eins og bæjarfélagið, sem fagnar 40 ára kaupstaðarafmæli eins og fram hefur komið.

Dagskráin hefst í Valhúsaskóla, sem einnig er fjórutíu ára, þar sem Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri veitir viðtöku afmælisriti bæjarins sem kemur út þennan sama dag. Ritinu verður dreift í öll hús á Nesinu að morgni Jónsmessunnar. Í Valhúsaskóla syngur Selkórinn valin lög eftir Gunnar Þórðarson og síðan verður haldið út í sumarnóttina og gengið sem leið liggur að kirkjunni sem fagnar safnaðar- og vígsluafmæli á árinu en á leiðinni þangað verður 40 ára sögu sundlaugarinnar gerð skil. Golfklúbburinn hélt upp á hálfra aldar afmæli á árinu og verður gengið frá kirkjunni í átt að golfvelliinum. Í fjörunni við Bakkavík verður tundraður



Eldlistamaður leikur listir sínar á Jónsmessugöngunni.

varðeldur, Bjarki Harðarson mætir með harmonikkunni, sungin verða lög, eldlistamaður leikur listir sínar og boðið verður upp á veitingar. Jónsmessugangan hefst kl. 20 í Valhúsaskóla og eru allir velkomnir.

Félags- og tómstundastarf eldri bæjarbúa

Eins og undanfarin tvö sumur þá verður án efa skemmtilegt félagsstarf í samvinnu við ungmennin sem starfa hjá bænum og Ungmennaráð, en samstarf þetta hefur fallið í góðan jarðveg bæði hjá ungum sem öldnum. Þetta er samvinna allra, og allir mega koma með hugmyndir. Eins og eðlilegt er þá dregst dagskráin nokkuð saman m.v. vetrarstarfið. Námskeiðum vetrarins lýkur með handverkssýningunni og fólk vill frjálshari tíma fyrir sig eins og gengur á þessum árstíma. Vonandi geta þó þeir sem áhuga hafa fundið eitthvað við hæfi.

TÖLVUNÁMSKEIÐ: Grunnnámskeið og námskeið fyrir lengra komna. Skráning og upplýsingar í síma 5959100.

MÁNUDAGAR KL. 13.30. Léttar gönguferðir. Gengið frá félagsaðstöðunni Skólabraut.

ÞRIÐJUDAGAR KL. 13.30. Félagsvist eða bingó í salnum Skólabraut.

MÍÐVIKUDAGAR KL. 13.30. Botsía á grasfletinum við Skólabrautina eða í íþróttahúsinu. Fer eftir veðri.

FIMMTUDAGAR KL. 13.30. Fimmtudagar verða óvæntir. Dagskrá þessara daga verður gerð í samráði við þátttakendur og auglýst með viku fyrirvara. Þútt, leikir, söngur, kaffihús eða eitthvað annað skemmtilegt.

MÁNUDAGAR OG FIMMTUDAGAR KL. 11.00. Jóga í salnum á Skólabraut.

MÁNUDAGAR OG MÍÐVIKUDAGAR KL. 18.30. Vatnsleikfimi í sundlauginni.

ÞRIÐJUDAGAR OG FIMMTUDAGAR KL. 07.30. Vatnsleikfimi í sundlauginni.

ALLIR VIRKIR MORGNAR: Kaffispyll í króknum Skólabraut kl. 10.30.

BLÁA HORNID salnum á Skólabraut. Samvera, spjall, handavinna. Opíð alla daga, einnig er upplagt að opna út þar fyrir framan og njóta sólar og veðursældar þegar það á við.

NIKKUBALL: Seinnipartinn í júlí. Nánar auglýst síðar.

Dagskrá þessi getur tekið einhverjum breytingum þannig að þeir sem hugsa sér þátttöku í starfinu fylgjast með auglýsingum. Fylgist einnig með öðrum upþákomum á Nesinu. Dagskráin verður auglýst inni á síðu Seltjarnarnesbæjar, í Morgunblaðinu, á Bókasafninu, Skólabraut og Eiðismýri. Einnig er hægt að fá allar upplýsingar í síma 8939800.

SUMARFERÐIN: 24. JÚNÍ.

SUMARFERÐIN OKKAR Í ÁR ER Í DALINA. UM ER AÐ RÆÐA DAGSFERÐ UM ÁHUGAVERÐAR FERÐASLÓÐIR, SÖGUFRÆGT HÉRAÐ OG FJÖLBREYTTA NÁTTÚRU.

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 8939800, EÐA Á SKÓLABRAUT.

VANTAR ÞIG RAFVIRKJA?

ENDURNÝJUN ELDRI LAGNA // NÝLAGNIR
LJÓSLEIÐARALAGNIR // TÖFLUSKIPTI
DYRASÍMALAGNIR // SJÓNVARPSLAGNIR
INNI OG ÚTILÝSING // GARÐALÝSING
LJÓSAHÖNNUN // RÁÐGJÖF // O.FL.

FLJÓT OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

RAFSPOR

PÁLL EINAR KRISTINSSON // LÖGGILTUR RAFVERKTAKI
894.2519 RAFSPOR@SIMNET.IS



Fréttir úr starfi Nesklúbbsins



Dagur Jónasson annast vallarvörslu á virkum dögum.
Ljós: HÓ

Vallarverðir teknir til starfa

Um mánaðamótin var tekin upp sú nýbreytni á Nesvellinum að stýra umferð um völlinn með ráðningu vallarvarða. Er þetta m.a. gert til þess að bregðast við niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal félaga síðastliðið haust.

Þar kom skýrt fram að þeir teldu að með því að hafa ræsi á fyrsta teig á álagstímum og fylgjast með

leik á vellinum mætti stytta bið og auka leikhraða. Tilgangurinn er bæði að nýta völlinn betur svo fleiri komist að og að koma í veg fyrir óhóflega bið út á velli. Reynsla fyrstu daganna er góð og allir virðast ánægðir með framkvæmdina. Vallarverðir eru Dagur Jónasson, Eiður Ísak Broddason og Kristján Georgsson.



Margæsir á Suðurnesi.
Ljós: GJO/Nærmynd

Margæsin komin og farin

Margæsin er einn þeirra fugla sem setur svip sinn á Suðurnesið vor og haust. Lífshlaup þessa stórmerkilega fugls hefur verið rannsakað talsvert.

Síðastliðið vor varð ein margæs fyrir voðaskoti golfkúlu. Fuglinn, sem var merktur, var aflifaður og þegar í stað komið í hendur vísindamanna hjá Náttúrufraeðistofnun. Kom í ljós að gæsin hafði verið merkt á Bessastöðum fyrir fáeinum árum. Hún hafði haft vetursetu í Dublin á Írlandi og komið reglulega við á Nesvellinum á leið sinni til og frá varpstöðvum í Kanada, en rafrænar upplýsing-

ar vantaði enn um þann hluta ferðalaga hennar. Fuglafræðingar segja, og áhugamenn í Nesklúbbnum geta staðfest, að nánast megi stilla klukku eftir farflugi margæsarinnar. Þann 27. maí hefur hún sig til flugs vestur um haf frá Suðurnesi, kylfingum til talsverðs léttis því gæsaskíturinn vil festast helst til mikið undir golfskónum. Það er haft fyrir satt að hvergi sé margæsin gæfari en á Nesvellinum en tilkomumikið er að sjá hvernig fuglinn rýmir til fyrir leikmönnum á fyrstu braut og færir sig aftur á sama stað þegar þeir hafa slegið eins og ekkert hafi í skorist!

Opið fyrir alla hjá Krissa

Það er óhætt að fullyrða að veitingahúsið hans Krissa í golfskálanum stenst samanburð bæði að gæðum og í verði við alla veitingastaði á Seltjarnarnesi - og þótt víðar væri leitað. Opið er alla daga frá kl 9:00 til 22:00 nema í þeim örfáu undantekingartilfellum þegar alls ekki viðrar til golfleiks.

Matseðillinn er fjölbreyttur en meðal vinsælustu rétta eru NK-borgarinn, Biðlista-samlökan og Kjúklingasalat Krissa. Bæði matur og drykkur eru á hóflegu verði og útsýnið algjörlega frítt. Þegar vel viðrar má njóta veitinganna úti á palli og það er bæði endurnærandi fyrir líkama og sál að bregða sér úr skarkala bæjarlífsins í hádegis- eða kvöldmat til Krissa. Munið



Krissi með kjúklingasalatíð góða.
Ljós: GJO/Nærmynd

að það eru allir alltaf hjartanlega velkomnir.



Allir sem einn...
Ljós: GJO/Nærmynd

Hreinsunardagurinn mikli

Hreinsunardagurinn í byrjun maí markar upphaf golftíðarinnar á Nesvellinum á hvert og hefur gert áratugum saman.

Þótt veður væri afar óhagstætt að þessu sinni létu 70 til 80 félagar sig ekki muna um að mæta og vinna þau verk sem fyrir lágu. Eftir hefðbundna pylsuveislu að verki loknu er þátttakendum boðið að taka þátt í litlu golfmóti. Það er til marks um

hve veður var leiðinlegt að tveir af hverjum þremur létu golfleikinn eiga sig þennan daginn og héldu heim að loknu góðu dagsverki. Aðrir golfklúbbbar öfunda Nesklúbbinn mjög af frábærri þátttöku félaganna í átaksverkum eins og þessu og víst er að mörg þrekvirki hafa verið unnin til þess að bæta völlinn og aðstöðuna á undanföllum árum í sjálfboðavinnu.

Hirðljósmyndarinn Guðmundur í Nærmynd

Það er ómetanlegt í öllu félagsstarfi að eiga gott fólk að til ýmissa verka. Einn slíkur er Guðmundur Kr. Jóhannesson ljósmyndari sem rekur ljósmyndastofuna Nærmynd.

Þegar eitthvað sérstakt er um að vera á Nesvellinum er nánast jafn algengt að sjá hann munda ljósmyndavélina og krúna verja yfirráðasvæði sitt. Auk þess sem golfklúbbnum eru ómetanlegar þær heimilidir sem myndir Guðmundar eru um starfsemi klúbbsins eru náttúru- og mannamyndir hans sjálfstæður fjársjóður.

Hægt er að glugga í myndsaft Guðmundar á heimasíðu hans nærmynd.is og einnig má nálgast sumar myndirnar á nkgolf.is.



Meistari Ottó.
Ljós: GJO/Nærmynd

Fjölbreyttur 17. júní í Bakkagarði

Fjórúti ára afmæli Seltjarnarnesbæjar setur svip sinn á þjóðhátíðardaginn á Seltjarnarnesi sem verður með veglegra móti að þessu sinni. Á síðasta ári var gerð tilraun með að halda hátíðina í Bakkagarði sem tókst svo vel til að aðfráðið var að endurtaka leikinn í ár. Meðal þess sem boðið er upp á eru fjölbreyttari og stærri leiktæki, m.a. risarennibraut og jumbófill sem er rúmgóður hoppukastali með ýmsum möguleikum.

Ein helsta nýjungin í leiktækjum þetta árið eru vatnaboltarnir vinsælu, þar sem verulega reynir á jafnvægislistina, en bærinn býður öllum frítt í boltana, ólíkt því sem almennt gerist. Hestateymingar verða á grasflötinni fyrir neðan Suðurströndina, bátasiglingar um morguninn og fjölbreytt leiktæki í garðinum öllum. Boðið verður upp á andlitsmálun, spákonufundi og ýmislegt fleira.

Að vanda verður guðsþjónusta í Seltjarnarneskirkju og hefst hún kl. 11. Sr. Bjarni Þór Bjarnason prestur og Friðrik Vignir Stefánsson organisti þjóna. Félagar úr Rótarý taka þátt og boðið verður upp á kaffiveitingar að messu lokinni. Hátíðin hefst síðan kl. 13 með skrudgöngu frá Mýrarhúsaskóla með skólahljómsveit Tónlistarskóla Seltjarnarness þar sem trúðar, stultufólk og furðurverur setja svip sinn á hana.

Tónlistaraðrið og

Wally trúður

Á tónleikasviðinu eru í boði skemmtiatriði við allra hæfi þó sérstaklega sé verið að miða við unga fólk. Sveppi stýrir dagskránni, grínast, syngur og sprellar og sér um að engum leiðist í garðinum.



Hljómsveitin FUNK mun syngja í Bakkagarði á 17. júní.

Wally trúður kemur og skemmtir sér og öðrum en þeir sem vilja ekki eiga það á hættu að vera teknir fyrir af honum ættu að standa fjarri sviðinu. Leik- og söngatriði úr hinu sívinsæla barnaævintýri Ástarsögu úr fjöllumun verður flutt og fjallkonan, sem að þessu sinni kemur úr röðum ípróttaafreksmanna, flytur ávarp sitt.

Brynjar Dagur og ípróttaálfurinn

Einn fremsti dansari landsins, Brynjar Dagur Albertsson, sigurvegarinn úr Ísland got Talent og hinn nýi ípróttaálfur í Þjóðleikhúsinu, sýnir snilldartakta og býður líka upp á atriði með félögum sínum. Hápunkturinn á dagskránni er þegar Jón Jónsson, einn af vinsælustu tónlistarmönnum landsins, stígur á svið. Ekki má gleyma að nefna hljómsveit sem sló heldur betur í gegn í Eurovision söngkeppninni, FUNK, sem kemur að hluta til frá Seltjarnarnesi. Þeir verða með sannkallað gleðipopp með funk ívaði.

Raven Dance hópurinn verður með dansatriði sem hann hefur æft með ungmenum á Nesinu og ætla að framkalla Flash Mob á staðnum.

Tónleikar í Bakkagarði

Tónleikar verða í Bakkagarði frá

klukkan átta um kvöldið þar sem fjölbreytt og metnaðarfull dagskrá verður í boði. Fyrst til að stíga á stökk er hin rómaða og fjölhæfa söngkona Sara Pétursdóttir sem sigraði í Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir skemmstu. Seltirningurinn hinn hæfileikaríki Bjössu sax treður upp með bandi sínu White

Signal og gæðareggisveitin Ojba Rasta slær svo botninn í þennan ævintýralega dag með þéttu tónleikaprógrammi fram til klukkan tíu um kvöldið. Í garðinum verða söluþjöld með hefðbundnum og óhefðbundnum 17. júní veitingum og fjölbreyttum varningi til að halda stemningunni gangandi.



Rauða ljónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur





**KOMDU MEÐ BÍLINN Í
FRÍA TJÓNASKOÐUN**

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónavíðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að víðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bíl.



Mössun / snyrting á lakki

Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilbod í lakkimössun og blettanir.



Dekkþjónusta

Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í víðgerð.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins víðurkennð efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun

Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofi. Frir þvottur fylgir öllum víðgerðum.



Innréttingar / áktaði

Tökum að okkur víðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smávíðgerðir

Samhliða víðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is





Gróttu á toppnum

Meistaraflokkur Gróttu hefur farið vel af stað í 2. deildinni í sumar. Strákarnir byrjuðu á því að vinna Huginn á Seyðisfirði örugglega 2-0 og svo voru Sindramenn lagði að velli í fjörugum leik á Sel-tjarnarnesi, 4-3.

Því næst voru Reynismenn sigraðir í vitlausu veðri í Sandgerði og í 4. umferð gerði Gróttu jafntefli við ÍR á heimavelli. Gróttu vann svo Ægi í 5. umferðinni og fór leikurinn 0-1. Gróttu trónir nú á toppi 2. deildarinnar með 13 stig.



Fimmti flokkur á Ísafirði

Strákarnir á yngri ári í 5. flokki í handbolta kepptu á sínu síðasta móti í vetur en mótið var haldið á Ísafirði. Gróttu tefldi fram einu liði að þessu sinni og spiluðu þeir í 1. deild þar sem eitt lið hafði dregið sig úr keppni.

Fyrsti leikur hjá þeim var á föstudagskvöldið. Þá spiluðu strákarnir við lið Víkings og tapaðist sá leikur með minnsta mun. Á laugardegnum kepptu strákarnir síðan tvo leiki, annarsvegar við Fram og hinsvegar við Aftureldingu. Fyrri leikurinn við Fram endaði 9-9 en strákarnir spiluðu frábæran leik og sýndu frábæra baráttu. Sömu baráttu vantaði í seinni leik dagsins gegn Aftureldingu en sá leikur tapaðist.

Eftir leiki dagsins héldu strákarnir í hádegismat og svo yfir til Bolungarvíkur þar sem farið var í sund. Eftir sundferðina var síðan haldið aftur yfir til Ísafjarðar þar sem framundan var kvöldvaka. Á kvöldvökunni fengu strákarnir hamborgara og ís ásamt því að taka þátt í hinum ýmsu þrautum í íþróttahúsinu. Kvöldinu lauk svo með skemmtun frá söngvaranum Jógván Hansen og síðan var flugeldasýning frá Björgunarsveitinni til að toppa kvöldið.

Á sunnudeginum vöknudu strákarnir snemma því framundan var síðasti leikur mótsins við Val. Eftir góða byrjun misstu strákarnir Valsmenn frammúr sér en Valsmenn enduðu á því að vinna riðilinn. Eftir leik var síðan borðað og haldið í sundlaug Ísafjarðar þar sem strákarnir skemmtu sér konunglega. Eftir sund fengu strákarnir síðan að kaupa sér nammi og héldu svo glaðir heim á leið.

Íslandsmótin farin af stað



Íslandsmótin hjá elstu flokkunum fóru af stað seinni partinn í maí. 4. flokkur kvenna hjá Gróttu/KR reið á vaðið með góðum 3-1 sigri á HK og þá sigraði 3. flokkur karla ÍR/Leikni í framlengdum leik í bikarkeppinni.

Stelpurnar í 2. og 3. flokki Gróttu/KR byrjuðu sumarið á tapi en í kjölfarið fylgdu jafntefli gegn sterkum andstæðingum, ÍBV hjá 2. flokki og Stjörnunni hjá 3. flokki. Strákarnir í 2. flokki Gróttu komust einnig í hann krappan í byrjun móts en þegar þetta er skrifað eru bæði

A- og B-lið flokksins með 3 stig eftir 2 leiki. Strákarnir í 4. flokki hafa byrjað Íslandsmótið í brattri brekku en þrátt fyrir slæm úrslit í fyrstu leikjum láta lærisveinar Árna ekki deigan síga heldur halda áfram að leggja sig fram og bæta sinn leik. Gróttuvöllur iðar nú af lífi frá morgni til kvölds. Knattspyrnuskólinn og knattspyrnuakademían eiga sviðið á morgnana en eftir hádegi taka svo við æfingar og leikir hjá öllum þeim fjölmörgu iðkendum sem æfa fótbolta með Gróttu.

Kári ráðinn yfirþjálfari

Kári Garðarsson hefur verið ráðinn yfirþjálfari handknattleiksdeildar á næstu leiktíð. Kári er núverandi þjálfari meistaraflokks kvenna og náði stórgóðum árangri með liðið í vetur. Kári er góðu kunnugur Gróttu en hann hefur þjálfað yngri flokka félagsins undanfarin 12 ár með góðum árangri auk þess sem hann hefur þjálfað meistaraflokka félagsins.



Kári Garðarsson.

Árin 2007 til 2009 var Kári aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla en síðara tímabilið komst liðið í bikarúrslit og vann 1. deildina með glæsibrag. Tímabilin 2004 til 2005, 2005 til 2006, 2009 til 2010 og 2013 til 2014 þjálfaði hann meistaraflokk kvenna og kom liðinu í bikarúrslit árið 2005. Á liðnum vetri komst kvennaliðið í undanúrslit í bikar, undanúrslit um Íslandsmeistaratiðilinn og í úrslitaleik deildarbikarsins. Kári er menntaður íþróttfræðingur og hefur verið duglegur að sækja sér menntunar á sviði handbolta undanfarin ár. Unglingaráð handknattleiksdeildar Gróttu er gríðaránægð með að tryggja starfskrafta Kára áfram enda maðurinn þjálfaði við góðan orðstír hjá félaginu frá því að hann kom fyrst á Nesið frá Akureyri.



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170



Leikmenn verðlaunaðir

Lokahóf meistaraflokka Gróttu í handbolta fór fram laugardaginn 17. maí. Lokahófið fór fram í vallarhúsinu við gervigrasvöllinn en þar komu leikmenn, starfsfólk og sjálfboðaliðar félagsins saman. Það var Arnar Þorkelsson formaður deildarinnar sem stýrði dagskránni og byrjaði á því að þakka þeim ómetanlegu sjálfboðaliðum hjá deildinni.

Því næst sagði Arnar frá nýstofnuðum 100-leikja klúbbi Gróttu en innngöngu fá þeir leikmenn sem hafa leikið 100 eða fleiri leiki fyrir meistaraflokk félagsins. Það voru þrír leikmenn úr meistaraflokki kvenna og fjórir leikmenn úr meistaraflokki karla sem hafa leikið 100 leiki eða fleiri fyrir Gróttu og voru þeir boðnir velkomnir og verðlaunaðir. Þau eru: Arndís

María Erlingsdóttir, Íris Björk Símonardóttir, Laufey Ásta Guðmundsdóttir, Þórir Jökull Finnbogason, Davíð Örn Hlöðversson, Jóhann Gísli Jóhannesson og Árni Benedikt Árnason. Þá tóku verðlaunaafhendingar vegna árangur vetrarins við. Svona skiptust verðlaunin: Elín Jóna Þorsteinsdóttir sem efnilegasti leikmaður meistaraflokks kvenna. Íris Björk Símonardóttir sem mikilvægasti leikmaður og Unnur Ómarsdóttir sem besti leikmaður meistaraflokksins. Þá hlutu verðlaun þeir Einar Þór Kristinsson sem efnilegasti leikmaður, Lárus Gunnarsson sem besti leikmaður annars flokks karla og Einar Þór Kristinsson fyrir mestu framfarir, Aron Dagur Pálsson sem efnilegasti leikmaður og Vilhjálmur Geir Hauksson fyrir meistaraflokk karla.



Uppskeruhátíð yngri flokka

Uppskeruhátíðin í handboltanum fór fram fimmtudaginn 15. maí sl. Vegna mikils fjölda iðkenda var ákveðið að tvískipta hátíðinni en hátíðarnar voru allar haldnar í Félagsheimilinu.

Yngri flokkarnir, 8. flokkur, 7. flokkur, 6. flokkur og 5. flokkur voru kl. 17:15 og 3. og 4. flokkur karla og kvenna kl. 19:00. Ætla má að um 500 manns hafi verið á þessum tveimur hátíðum þennan daginn. Að verðlaunaafhendingu lokinni fengu allir iðkendur og foreldrar veitingar á sameiginlegu hlaðborði Gróttu. Þrátt fyrir fólksfækkun barnafjölskyldna á Seltjarnarnesi undanfarin ár hefur

Handknattleiksdeild Gróttu haldið sjó og er fjölgun iðkenda á milli ára. Nú eru um 265 iðkendur í 2. flokki til og með 8. flokki að æfa hjá deildinni og helmingur iðkenda eru í yngstu tveimur flokkunum. Allir iðkendur í 8. flokki karla og kvenna og 7. flokki karla og kvenna, fengu glæsilegan verðlaunapening fyrir góða ástundun og framfarir. Dómarar ársins voru valdir þeir Jóhannes Geir Benjamínsson og Kristján Guðlaugsson fyrir frábær störf. Bjargarbikarinn féll í skaut þriggja aðila; Jóhann Gunnarsson, Önnu Láru Davíðsdóttur og Soffiu Steingrímsdóttur fyrir mikið og gott sjálfboðaliðastarf seinasta vetur.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Jón Hjaltason. Hálfur Skoti í fjórða lið. Athafnaseggur, lifslystarmaður, skaupskáld og ljóðabýðandi, en þó fyrst og síðast ókrýndur æfingameistari Nesklúbbsins. Mættu margir kylfingar taka hann sér til fyrirmyndar, en öllum er heimill aðgangur að glæsilegu æfingasvæði NK, jafnt félögum sem öðrum.

Fullt nafn? Jón Hjaltason.

Fæðingard. og ár? 2. maí 1941.

Starf? Öll atvinnuflóran, allt frá bernsku.

En þessi misserin helst í dagvistun á golfvelli Nesklúbbsins.

Er til íslenskt heiti yfir Lob Wedge?

Auðvitað, hann heitir "HÁFLEYGUR."

Jákvæðasta fullyrðingin?

Það er bjart framundan.

Neikvæðasta fullyrðingin?

Það er ekkert aðalatriði að sigra.

Neikvæðasta orðið?

Ef.

Helsti kostur?

Aldrei tekið mig hátíðlega.

Helsti galli?

Polinnæði hefir aldrei verið ein að mínum dyggðum.

Besti maturinn?

Allt sem ég elda sjálfur.

Eftirlætismatur konu þinnar?

Það er auðvitað Denna mín sem telur mér trú um framangreint!

Eftirlætistónlist?

Fiðlukonsert # 1 op 26 eftir Max Bruch, Paradise by the Dashboard Light með Meat Loaf og píanó konsert # 20 eftir Mozart.

Eftirlætis íþróttamaður?

Christiano Ronaldo, flottasti knattspyrnumaður sögunnar.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Þegar slökkt er á því.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Fahrenheit 451 eftir Ray Bradbury og Animal Farm eftir George Orwell.



Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Clockwork Orange og Deliverance.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Fyrir utan golfið, það sem kemur upp í hugann hverju sinni.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á?

Utan Íslands, sennilega Bled vatn í Slóveníu.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Drengskap og háan spaugstuðul. Helst ekki lægri en 4,6 á Richter.

Hvern vildir þú helst hitta?

Ernie or Els?

Hvern vildir þú síst hitta?

Ólaf R. Grímsson.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Eðal fjör, enga fýlu.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?

Of gott til að gerast, þarf ekki að gefa því gaum.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Ná Ásgerði í heita pottinn í sundlauginni til að ræða máli

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Ég stefni eindregið að því að laga kúlufertilstefnuna.

Hvað gerir þú í sumarfríinu?

Þessari spurningu er ekki auðsvarað af manni sem er í sumarfríi 365 daga á ári í þrjú ár, með bónusvinning hið fjórða.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

Taktu mynd af þér með bikarinn!

Íslandsmeistarabikarar KR í knattspyrnu og körfubolta karla eru nú til sýnis í útibúi Landsbankans í Vesturbæ. Næstu vikur getur þú komið í heimsókn til okkar í útibúið, tekið mynd af þér með Íslandsmeistarabikarinn og fengið að upplifa þá sælutilfinningu að lyfta bikarnum.

#meistaramynd

Deildu myndinni á Instagram, merktu hana #meistaramynd og þú getur unnið miða á KR leiki eða miða á landsleik í haust.

Áfram KR

Landsbankinn er stoltur bakhjarl knattspyrnu- og körfuknattleiksdeildar KR. Við hlökkum til að fá þig í heimsókn.

